

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

601. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 2. júní 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf Landlína, Aðalskipulag Borgarbyggðar.
3. Skýrsla GrasTec v/ Íþróttavallarsvæðis í Kirkjuhvammi.
4. Endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um einstakar framkvæmdir m.a. jarðvegsskipti í Ásbraut, endurbætur á Hvammstangabraut/Norðurbraut, lagningu hitaveitu að þjónustuhúsi og hesthúsahverfi og ræsi á Ytri-Hvammsá.
2. Fram lagt bréf Landlína ehf. en fyrirtækið hefur unnið að gerð aðalskipulags fyrir Borgarbyggð. Bréfinu fylgir tillaga að skipulagsáætlun sem send er Húnaþingi vestra til kynningar og samráðs í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skoðunar skipulags- og umhverfisráðs.
3. Fram lögð skýrsla GrasTec ehf. um Íþróttavallarsvæðið í Kirkjuhvammi. Sveinn Benónýsson, íþróttat- og tómstundafulltrúi er mættur til fundarins og fór hann yfir skýrsluna og skýrði frá nauðsynlegustu úrbótum sem þar eru lagðar til. Ákvörðun fjárhæðar til framkvæmda vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
4. Farið yfir atriði er tengjast endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009. Byggðarráð samþykkir að fundur verði haldinn í auknu byggðarráði miðvikudaginn 3. júní nk. kl. 15:00.

Fundargerð uppliesin og samþykkt.

*Hannar Þórhildur
Ólafur K. Þurðarson
Kinni Þórhildur*

Fundi slitið kl. 11:40

Sveinn Benónýsson

Áheyrnarfulltrúi:

Elin J. Resinþey